

Fundur haldinn í nýskipaðri nefnd/vinnuhóp Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um nám á framhaldsskólastigi í Vestur-Barðastrandarsýslu, haldinn á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar þann 24. ágúst 2006.

Mætt voru:

Nanna Sjöfn Pétursdóttir
Anna Jensdóttir
Jón B G Jónsson
Sveinn Valgeirsson
Ingólfur Kjartansson
Ingibjörg I Guðmundsdóttir

Gengið var til dagskrár fundar.

Að tillögu starfsmanns nefndarinnar, Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur, var kosið í embætti formanns og ritara nefndarinnar. Nanna Sjöfn Pétursdóttir var kjörin formaður og Ingólfur Kjartansson ritari.

Rætt var um markmið nefndarinnar, farið yfir það sem nefnd skipuð af sveitarfélögunum í apríl sl. ræddi á fundi sínum þann 2. maí. Sú nefnd lagði til að stefnt skyldi að því að kennsla á framhaldsskólastigi í V-Barð hæfist haustið 2007. Leitað yrði eftir samvinnu við starfandi framhaldsskóla með reynslu af fjarkennslu og að nefnd yrði skipuð til að hafa umsjón með verkefninu og að heimild yrði veitt fyrir ráðningu starfsmanns til verksins.

Rætt var á almennum nótum um mögulegt fyrirkomulag náms á framhaldsskólastigi og þau rök sem unnt væri að nota sem stuðning fyrir því að slíku námi yrði komið á í sýslunni. Meðal helstu raka hægt er að færa fram er að:

Hækkun sjálfræðisaldurs

Mikill kostnaður foreldra barna sem senda þarf að heiman í framhaldsnám

Samgöngur við svæðið eru mjög lakar og ekki horfir í neina bót þar á

Ýmislegt bendir til þess að brottfall nemenda sem þurfa að yfirgefa heimili sín til að stunda framhaldsnám sé mun meira en hjá þeim nemendum sem geta stundað framhaldsnám í heimabyggð í einn vetur eða fleiri.

Starfsmaður nefndarinnar lagði til að undirbúið yrði erindi með greinargóðum rökstuðningi fyrir því að námi á framhaldsskólastigi verði komið á og jafnframt að nefndin fari á fund ráðherra til að fylgja erindinu eftir. Einnig væri mikilvægt að sveitarstjórnir sveitarfélaganna tækju þátt í baráttu fyrir framhaldsskólanámi í sýslunni af fullum krafti sem og að alþingismönnum kjördæmisins yrði gerð grein fyrir mikilvægi þess að námi af þeim toga verði hleypt af stokkunum.

Með tilliti til mögulegra áherslupátta í kennslunni var rætt um sérstöðu svæðisins og hvort unnt væri að skipuleggja námið að einhverju leyti út frá henni. Sem dæmi var dregið á sjávarútveg, ferðaþjónustu og jafnvel fornleifafræði, einnig var minnst á að íþróttaaðstaða á þéttbýlisstöðunum 3 í sýslunni er mjög góð og unnt væri að byggja á þeirri aðstöðu. Mikilvægt væri að nýta þá reynslu sem fengist hefur með Dreifmenntaverkefninu sem skólarnir í sveitarfélögunum hafa unnið að í samvinnu við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila. Sú þekking og reynsla sem þar hefur skapast getur skilað sér á áþreifanlegan hátt inn í framhaldsnám í héraðinu.

Nefndin var sammála um að það væri líklega á flestan hátt hagstæðara að bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi í samstarfi við starfandi framhaldsskóla. Ýmsir framhaldsskólar bjóða nú þegar upp á fjarnám með allgóðum árangri. Mannahald við framhaldsdeild yrði ávallt eitthvað en nýjasta tækni sem meðal annars hefur verið nýtt í Dreifmenntaverkefninu, gefur sveitarfélögum á landsbyggðinni þann möguleika að ráða kennara til starfa við skóla sveitarfélaganna sem ekki eru búsettir þar. Mikilvægt er að kanna vel hvaða framhaldsskólar eru tilbúnir til samstarfs af þessum toga og jafnframt að kanna vel reynslu skóla sem nýta sér þessa kennsluhætti. Í þessu sambandi var rætt um að nefndin heimsækti á næstu vikum framhaldsskólann í Grundarfirði og fundaði með skólanefnd skólans og stjórnendum og var starfsmanni nefndarinnar falið að undirbúa þann fund.

Tímamörk sem nefndinni voru sett varðandi undirbúning að kennslu á framhaldsskólastigi voru að stefnt skyldi að því að kennsla hefjist haustið 2007. Nefndin geri sér hins vegar grein fyrir því að tíminn sem hún hefur er knappur, vinna vegna fjárlaga fyrir árið 2007 er komin vel á veg og því ekki víst að unnt verði að fá vilyrði ríkisvaldsins fyrir fjárframlögum vegna þessa náms áður en fjárlög verða lögð fyrir Alþingi á haustþingi. Ef það tekst ekki verði að leita annarra mögulegra leiða til að fjármagna verkefnið til að byrja með, ef það er unnt. Þegar framhaldsdeild var starfrækt á Patreksfirði á miðjum síðasta áratug, í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, fékkst til hennar fjármagn af fjárlögum og kanna þarf hvort sú heimild sem þá fékkst er enn í gildi. Ef ríkisvaldið er ekki tilbúið að koma með nægjanlegum hætti að rekstri framhaldsnáms þarf að kanna hvort aðrar leiðir eru færar.

Kanna þarf með skipulegum hætti hjá nemendum grunnskólanna og foreldrum þeirra áhuga fyrir því að nýta sér kennslu á framhaldsskólastigi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Einnig þarf að kanna það hvernig nemendum sem lokið hafa grunnskólanámi í sveitarfélögunum tveimur á síðustu árum hefur reitt af í framhaldsnámi miðað við önnur sveitarfélög af ýmsum gerðum. Því er haldið fram að nemendur sem þurfa að sækja framhaldsnám fjarri heimabyggð eiga frekar á hættu að flosna úr námi í lengri eða skemmri tíma en þeir nemendur sem geta stundað nám í heimabyggð. Kanna þarf hvort þetta á við rök að styðjast

Gera þarf SVOT greiningu til að unnt sé að gera sér betri grein fyrir okkar möguleikum varðandi starfrækslu framhaldsnámsdeildar. Nefndarmenn ákváðu að 10 dagar væru hæfilegur tími til að vinna greiningu af þessum toga.

Rætt var um vinnuferli og fundaáætlun, nefndarmenn voru sammála um að funda að jafnaði 1 sinni í mánuði en oftar ef þörf væri á. Starfsmaður nefndarinnar kallar saman fundi.

Fundarritari
Ingólfur Kjartansson